



Skógræktarfélag Garðabæjar

Smalaholt var fyrsta ræktunarsvæði félagsins og forsenda þess að félagið var stofnað 1988.

Skógræktarfélag Garðabæjar er ungt að árum, en félagsstarf þess hefur verið öflugt, enda félag fyrir alla fjölskylduna, með á fjórða hundrað félaga.

Félagið var í fararbroddi þegar átak um Landgræðslusköga (D) hófst í Smalaholti 10. maí 1990 með þátttöku frú Vigdísar Finnbogadóttur forseta, þingmanna, bæjarfulltrúa og fjölda fólks. Átakið var svo öflugt þetta sumar að um 70 þúsund trjáplöntur voru gróðursettar eða um 10 plöntur á hvern Garðbæing á þeim tíma. Skógræktarfélagið hlaut strax slíkan meðbyr að flest frjálstu félaga-samtökin í Garðabæ gengu til liðs við það með því að taka að sér ræktunarreiti. Umsjónarsvæði félagsins eru nú í Smalaholti, Hnóðraholti, Sandahlíð, Hádegisholti, Tjarnholtum, Leirdal og Brynjúdal.

Á tuttugu ára afmæli félagsins haustið 2008 var undirritaður fyrsti samstarfs-samningur milli Garðabæjar og Skógræktarfélagsins. Samningurinn gerir félaginu mögulegt að ráða umsjónarmann á svæðin yfir sumarmánuðina. Heimasiða félagsins: www.skoggb.is




Varðan Gunnhildur og Vífilisstaðir


Friðland Vífilisstaðavatns

Vífilisstaðavatn og nágrenni var friðlýst 2007. Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda. Fjölbreytt lífríki og sérstæðir stofnar bleikju, umíða, áls og homsila eru í vatninu. Flóra í mýrlandi og móum er fjölbreytt. Fuglalífð er fjölskrúðugt, töluvert af andfuglum verpa við vatnið. Flórógöðinn hin síðari ár og mófuglar umhverfis það.

Hundar eru bannaðir í friðlandinu yfir varptímann 15. apríl til 15. júlí. Utan þess tíma eiga hundar að vera í bandi.



Aðkoma í Tjarnholt



Fræðsluskilti við Mariuhella

Skógræktarsvæði í Garðabæ



Útsýni frá Smalaholti yfir Vífilisstaðavatn



Aðkoma í Smalaholt